

Fundur hverfiráðs Öxarfjarðar

Fundur nr. 3

Mætt eru: Brynjar Þór Vigfússon, Charlotta Englund, Katrín Sigurjónsdóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir og Stefán Haukur Grímsson.

Fundur settur: kl: 18:00

1. Kynning

Kynning sveitarstjóra og hverfisráðs Öxarfjarðar.

2. Umsögn vegna deiliskipulags Akursels.

Umræður um skipulags- og matlýsingu sem liggur fyrir.

Hverfisráð gerir ekki athugasemdir á þessu stigi en bendir á að það skipti máli hvað ásýnd svæðisins varðar hvaða skógrækt verður fyrir valinu.

3. Umsögn vegna deiliskipulags Rifóss á Röndinni á Kópaskeri.

Hverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breytingu.

4. Önnur mál

- Katrín nefnir að framundan sé endurskoðun á samþykktum hverfisráðs, þá megi t.d. skoða hvort forsendur séu fyrir því að vinna að samskonar fyrirkomulagi og er í Múlaþingi.
- Birting fundargerða hverfisráða er ennþá ábótavant.
- Viðgerðir á skólahúsinu á Kópaskeri, verkið var nýlega auglýst aftur en að svo stöddu er ekki búið að semja við verktaka. Hverfisráð ítrekar nauðsyn þess að fara í nauðsynlegar viðgerðir á húsinu sem allra fyrst. Ekki verða forsendur fyrir bættu nýtingu og starfsemi á húsinu fyrr en búið er að laga það sem þarf. Þá voru einnig viðraðar hugmyndir um sölu á Öxi, með þeim kvöðum að þar yrðu gerðar íbúðir og fjármagnið þá notað í framkvæmdir á skólahúsinu.
- Aðeins rætt um leik- og grunnskólamál svæðisins. Ástandið óbreytt og ekki hefur verið unnið sérstaklega að opnun leikskóladeildarinnar á Kópaskeri undanfarið af hálfu sveitarfélagsins.
- Íbúafundur hverfisráðs, stefnt að því að halda íbúafund í febrúar.
- Ýmsar umræður um sundlaugina í Lundi og ástand hennar. Miklar bilanir síðasta sumar og því fáir opnunardagar, laugin er komin til ára sinna og því orðið aðkallandi að gera einhverjar breytingar.
- Aðeins rætt um sorpmál rekstraraðila á svæðinu.

Fundi slitið 19:26

23. nóvember 2022
Öxi, Kópaskeri

Undirritunarsíða

Karin Charlotta V Englund

Stefán Haukur Grímsson

Sigríður Þorvaldsdóttir

Brynjar Þór Vigfússon